



Akstursíþróttasamband Íslands

Stjórnarfundur - 2.9.2014

Stjórnarfundur Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) haldinn í A sal ÍSí Íþróttamiðstöðinni Laugardal þann 2. september 2014 kl. 16:00

Mætt:

Guðbergur Reynisson (GR), Þórður Bragason (PB), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Ragnar Róbertsson (RR), Einar Gunnlaugsson (EG), Gunnar Bjarnason (GB), Prándur Arnþórsson (ÞA)

Ekki mætt:

Gunnar Hjálmarsson (GH), Tryggvi M Þórðarson (TMB)

1. Keppnishald 2014 #427

+Keppnir ársins

Rennt yfir keppnir ársins og skoðað hvar eru helstu gloppurnar
<http://www.ais.is/motahald/keppnisdagatal/keppnisdagatal-2014/>

Athuga með skírteini fyrir aðstoðarmenn. Þetta þarf að setja í keppnisreglur. Keppnisráð ákveði fjölda í hverri grein.

Rallycross, GoKart, Drift og Spyrna hafa gengið vel í sumar. Rally að mestu, þó nú sé kæra í gangi. Í Torfæru á Akureyri voru 60% með ólöglega hjálma. Það verður tekið harðar á reglum á næsta keppnistímabili. Rætt um að mála megi hjálma á viðurkenndum verkstæðum.

+Skil

Skil á úrslitum og fleiru til AKÍS hafa ekki verið nægilega góð. Þarf hugsanlega að breyta keppnisreglum.

+FIA NEZ og FOWG

Stjórn fái að vita meira og nefndarmenn hafi umboð AKÍS.

Samþykkt að Guðbjörn Grímsson og Tryggvi Þórðarson fái erindisbréf frá AKÍS vegna setu í FOWG (Formula Offroad Working Group) og FIA/NEZ.

+Rallý Reykjavík

GR las upp bréf frá Garðari Gunnarssyni vegna kærumáls Hennings Ólafssonar.

Samþykkt að óska eftir skýrslu keppnistjórnar og dómnefndar.

+Fjölmiðlahópurinn

Mbl.is hafa verið duglegastir að birta fréttir. Æskilegt að senda samt á fleiri fjölmiðla. Einnig ætti að vera lítið mál að senda á AKÍS stuttan texta og mynd.



Akstursíþróttasamband Íslands

2. Formannafundur #436

Á fundinum verði tekið fyrir:

+Dagatal

+Akstursíþróttamaður ársins

+Lagabreytingar

+Keppnisreglur

Dagatal verði eins klárt og hægt er fyrir fundinn og lokað 30. nóvember. Íslandsmót verði föst en bikarmót sveigjanlegri í dagsetningum.

4. Önnur mál

+Umferðarlögin, breytingar

GR líst vel á stjórn sem kjörin var í nýtt Umferðarráð.

Vinnu með ráðuneyti verði haldið áfram með liðsinni Vilhjálms Árnasonar sem er í Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

+Styrkir til að sækja í hjá FIA

Samþykkt að sækja um „ASN Structure and Management“. ÞA og AJ koma þeirri vinnu áfram.

+Reglu- og laganefnd

Margt á þeirra könnu

+Starfsmaðurinn

GR las upp drög að samningi.

Samþykkt með fyrirvara um nokkur atriði sem þarf að lagfæra.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið um kl. 17:45

Þrándur Arnþórsson